

Yfyrskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	3. febrúar 2022	Tími:	12:00 – 13:20
Fundarstaður:	TEAMS			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	SJ			
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Gylfi Ólafsson (GÓ), Harpa Þórsdóttir (HP) til kl. 12:45, Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ)			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 3. febrúar 2022

### 1. Fundargerð 13. janúar 2022

Fundargerð stjórnarfundar 13. janúar 2022 samþykkt.

### 2. Drög að álitserð sérfræðings í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis

Farið yfir fyrirbyggjandi drög að álitserð. Engar efnislegar athugasemdir. Næstu skref rædd. Ákveðið að kynna álitserðina á félagsfundum. Stjórn hyggst senda umsögn í Samráðsgátt um fyrirbyggjandi lagafrumvarp og verður félagsmönnum kynnt sú fyrirætlan í tölvupósti og á fyrirhuguðum félagsfundum.

### 3. Álit umboðsmanns Alþingis í máli fyrrverandi félagsmanns

Farið yfir álit umboðsmanns Alþingis sem birt hefur verið á heimasíðu umboðsmanns auk þess sem farið var yfir tölvupóst frá umræddum félagsmanni til stjórnar FFR. Ákveðið að birta álitserð á heimasíðu félagsins.

### 4. Önnur mál

#### a. Upplýst um það sem fram fór á síðasta samráðsfundi FFR og KMR.

Kom þar m.a. fram að

- KMR hyggst standa fyrir vinnustofum á vormánuðum, vonandi í lok apríl eða byrjun maí nk.
- Stjórnendasamtölum sem fyrirhuguð voru í byrjun janúar sl. var frestað en ákveðið verður um miðjan febrúar hvenær þau verða.
- Eftirfylgni með síðasta stjórnendadegi. Það sem kom skýrast fram á stjórnendadeginum er þörf fyrir meiri stuðning í hinum ýmsu málum.

- Verið er að koma á koppinn *Mannauðstorgi*. Upplýsingar um stjórnunar- og mannauðsmál hjá ríkinu. Á að auðvelda leit að upplýsingum. Búið að standa lengi til að bæta upplýsingarnar á vef KMR um mannauðsmál. Þetta verkefni er vel á veg komið.
- Tillaga um breytingu á lögum nr. 70/1996, þ.e. ákvæðinu er fjallar um launaákvarðanir forstöðumanna, er komin í Samráðsgátt. Fulltrúar FFR lýstu afstöðu sinni til frumvarpsins og upplýstu um að von væri á umsögn félagsins í gáttina.

***b. Beiðni félagsmanns um stuttan TEAMS fund um atriði er lúta að starfsumhverfi og starfsaðstæðum forstöðumanna.***

DH mun biðja viðkomandi um að útlista nánar fundarefni og svo verður ákveðinn fundartími.

***c. Umræður um aðgengi forstöðumanna að leyfum, námssjóðum, handleiðslu, markþjálfun o.fl.***

Mikið álag verið á forstöðumönnum undanfarið sem hafa margir hverjir f.o.f. hlúð að sínum starfsmönnum en ekki sjálfum sér. Getur FFR tekið þátt í að búa til umhverfi þar sem forstöðumenn geta auðveldlega fundið leiðir til að hlúa að sjálfum sér í þessu sambandi? Ákveðið að ræða við KMR.